



Akureyri, 29. ágúst 2023

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga

Akureyrarbær gerir athugasemdir við eftirfarandi í drögnum:

Að ekki sé gert ráð fyrir rafrænni íbúakosningu en þarna er tilvalið tækifæri til þess að hafa rafræna kosningu með tilkomu rafrænna skilríkja eða í það minnsta að hafa slíkan valkost.

Sú framkvæmd sem reglugerðin kveður á um nýtist sveitarfélögum illa nema íbúakosning fari fram samhliða öðrum kosningum, s.s. sveitarstjórnarkosningum.

Framkvæmdin sem þarna er lögð til er ekki til þess fallin að styðja við þá þróun og stefnu sem rafrænum lausnum er ætlað að skila og snúa m.a. að einfaldara aðgengi fyrir notendur, sem og hvatningu um þátttöku íbúanna.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri á Akureyri